

78. fundur

Skólaráðsfundur miðvikudagur 15. maí 2019

Víkingsheimili kl. 8:30

Mættir: Karl og Helga Dögg fulltrúar foreldra, Guðný fulltrúi starfsmanna, Guðrún Þ. fulltrúi kennara, Kristján fulltrúi frá USK, Indriði fulltrúi frá Verkís. Aðalbjörg og Árni skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni.

Efni fundar:

- Framvinda framkvæmda í skólahúsnæðinu. Fulltrúar frá USK og Verkís fara yfir stöðuna.
- Frágangur skólalóðar austan við skólann.
- Erindi frá stjórn foreldrafélagsins:
 - Fyrirspurn um hugtakið skertur skóladagur.
 - Áhyggjur yfir því að börn upplifi skil á milli skólastiga innan skólans við flutning úr Vesturlandi í Austurland.
 - Fyrirspurn um lífsleikninámskeið fyrir kennara í vor eða sumar.
 - Karl kynnir fyrirhugað hverfarölt foreldrafélaga ásamt Bústöðum í hverfinu í maí.
- Hjólabraut við Fossvogsskóla.

Framvinda framkvæmda í skólahúsnæðinu

Fulltrúi frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK) og fulltrúi frá Verkís fóru yfir framvindu framkvæmda í skólahúsnæðinu. Niðurrifi að mestu lokið. Uppbygging hafin og standa framkvæmdir yfir í öllum álmum skólans. Allar aðgerðir miða að því að ljúka verkinu fyrir skólabyrjun í haust. Fyrirhugað er að skólaráð fari í skoðunarferð í skólann í næstu viku 23. maí. Ákveðið að fulltrúar frá USK geri samantekt um þær framkvæmdir sem kynntar voru skólaráðsfulltrúum og að sú samantekt verði við fyrsta tækifæri send skólaráði. Í framhaldinu mundi skólaráð síðan kynna stöðuna fyrir foreldrum.

Frágangur skólalóðar austan við skólann.

Skólastjóra bárust fyrirspurnir frá foreldrum um hvenær frágangi lyki við skólalóð austan megin við skólann. Svæðið er hættulegt börnum sem leita mikið í moldarhólinn og mikil óprýði og sóðaskapur er af honum. Þær upplýsingar lágu fyrir sl. haust að unnið yrði í lóðarframkvæmdum sumarið 2019. Skólastjóri bað USK um upplýsingar og svör þessu til staðfestingar (2. maí 2019) hafa borist frá sviðinu að verið væri að ganga frá gerð útboðsgagna og að útboð vegna lóðar og frágangs fari fram í maí. USK segir að verið sé að hanna lóðina og þegar því er lokið verða teikningar kynntar.

Fyrirspurnir frá stjórn foreldrafélagsins:

- 1) Spurt er um skertan skóladag, uppruna hans og tilgang. **xxx**
- Samkvæmt grunnskólalögum voru kennsludagar 170. Sveitarfélögin vildu að hreinir nemendadagar væru 170 (kennsludagar samkvæmt stundatöflu) en að 10 dagar í viðbót yrðu nýttir fyrir svokallaða skerta daga, s.s. vegna skólasetningar og skólaslita, foreldraviðtala, jólatrésskemmtunar, íþrótt- og útivistardaga að vori, foreldraviðtala eða annars skólastarfs. Í kjarasamningi KÍ og SÍS 2001 var kveðið á um að skóladagar nemenda yrðu 180 dagar, þ.e. 10 dögum bætt við skólaárið. Menntamálaráðuneytið óskaði eftir skýringum hvernig samningsaðilar ætluðu að nýta þessa viðbótardaga. Fram kom í svari KÍ og SÍS að viðbótardagarnir væru skóladagar nemenda sem ættu að nýtast til að auka fjölbreytni

skólastarfs. Þessir dagar eru hugsaðir til að auka fjölbreytni og skapandi skólastarf og skapa sveigjanleika þannig að kennarar hafi meira svigrúm að vinna verkefni sem þarf meiri undirbúning. Þessir dagar þurfa að koma fram á skóladagatali. Á skóladagatali Fossvogsskóla eru þeir 10, þ.e. skólasetning, skólaslit, 2 foreldradagar, jólaskeiðin, Öskudagur, Furðufatadagur (Listahátíð 2020), og 3 þemadagar. Með lögum nr. 91/2008 eru 180 skóladagar nemenda lögfestir.

2) Áhyggjum yfir því að börn upplifi skil á milli skólastiga innan skólans við flutning úr Vesturlandi í Austurland. Spurt er um lausnir til að draga úr áhrifum flutningsins.

Farið var yfir helstu aðgerðir skólastjórnenda og kennara varðandi samfellu á skólaárinu:

- Upplýsingastreymi til foreldra um áherslur náms og yfirverð á námsefni stóraukið í öllum árgöngum með vikulegum/hálsmanaðar upplýsingapóstum. Samhliða því hafa námbækur og skólaverkefni, einkum á yngri stigi verið send heim reglulega til að auka upplýsingaflæði og sýnileika á námi nemenda. Þetta var gert til að mæta umkvörtunarefni foreldra um slakt upplýsingaflæði og að námsefni og námsframvinda væri ekki nægilega sýnileg foreldrum.
- Skólanámskrá faggreina lauk á skólaárinu en þar kemur stígandi og samfella í námi fram á milli árganga í faggreinum sem kennarar hafa sammælt um að fylgja. Skólanámskráin er á heimsíðu skólans og foreldrar geta á auðveldan hátt náð yfirsýn yfir stígandann.
- Kennsluáætlanir voru samræmdar á skólaárinu en þar birtast áherslur náms- og kennslu á hverju tímabili. Kennsluáætlanir eru á heimasíðu skólans. Þessi vinna ýtir undir samfellu í námi milli árganga.
- Í janúarviðtölum við foreldra og nemendur var lögð sérstök áhersla á að gera námframvinduna sýnilega með því að skýra hæfni nemenda vel.
- Byrjað er að vinna að samvinnu kennara milli stiga í kjarnagreinum þar sem farið er yfir helstu áherslur til að skapa sem mesta samfellu.
- Stefnt er á, sé þess nokkur kostur, að a.m.k. einn kennari úr 3. bekk fylgi nemendum yfir í 4. bekk.

3) Spurt er um það hvort Skóla-og frístundasvið (SFS) standi fyrir lífsleiknínámskeiði/um fyrir kennara í vor eða sumar og hvort einhverjir kennarar úr Fossvogsskóla séu á leið á námskeiðið?

Námskeið af þessum toga eru í boði hjá SFS eða með milligöngu þeirra og líklegt er að einhverjir kennarar sækji þessi námskeið mt.t. faglegra þarfa. Farið var yfir skyldur og frelsi kennara til að velja sér námskeið skv. ákvæðum kjarasamnings. Einnig var farið yfir tilgang skólaþróunaráætlunar eða símenntunaráætlunar skólans en þar eru birt sameiginleg námskeið fyrir kennara og aðra starfsmenn til að mæta umbótastarfi eða skólaþróun í skólanum sem stafshópurinn hefur sameinast um að vinna að hverju sinni. Til frekari upplýsinga var vísað í skólaþróunaráætlun skólans sem birtist í starfsáætlun skólans og hægt er að nálgast á heimsíðu skólans.

4) Karl segir frá hverfarölt foreldrafélaga ásamt Bústöðum í hverfinu. Foreldrarölt á vegum foreldrafélaga í Réttarholtsskóla, Breiðagerðisskóla og Fossvogsskóla ásamt starfsfólki Bústaða röltir um hverfið á föstudögum í maí.

Hjólabraut við Fossvogsskóla

Skólastjóri las upp erindi frá foreldri, sem í forsvari foreldrahóps, óskaði eftir því að stjórnendur skoðuðu möguleika á því að koma upp hjólabraut við Fossvogsskóla. Greint er frá því í erindinu að þessar umræður hafa skotið upp kollinum í skólasamfélaginu. Hugmynd foreldris er að slík braut, sem er fyrirferðarmikil, gæti verið norðan megin við skólann hjá hjólagrindunum og að vegna mikils kostnaðar þyrfti líklega að safna styrkjum t.d. frá borginni. Í erindinu var bent á að svona brautir væru hjá Lágafellslaug í Mosfellsbæ, Hólaskóla í Breiðholti og Flataskóla í Garðabæ.

Hugmyndin lagðist vel í skólaráðsfulltrúa. Ákveðið að málið yrði kannað nánar með því að hafa samband við viðkomandi foreldri á næstunni.

